

Priðji fundur Svæðisnefndar GSA-samtakanna á Íslandi - 11. september 2015

Mættir 6 deildar- og varadeildarfulltrúar. Aðrir mættir: Enginn

1. Fundarhæfni svæðisnefndar ákveðin.

Samþykkt endurflutt tillaga að fundarfært væri með 6 atkvæðabærum fundarmönnum frá 10 deildum. Samþykkt með 6 atkvæðum af 6.

2. Fundgerð, styttir og lengri, lesin upp af ritara til samþykktar.

Lengri og styttri fundargerð frá síðasta fundi lesin upp og samþykkt með 6 atkvæðum af 6. Árétt var að senda þarf fundarboð svæðisnefndar á símalista GSA og einnig að deildarfulltrúar minni á svæðisnefndarfundi í sínum deildum.

3. Farið yfir skjöl rsk, samþykktir, vantar slit stjórnar í samþykktir.

Bætt var inn eftirfarandi grein í samþykktir vegna endursendingar frá Ríkisskattstjóra:

10. gr. Slit félagsins

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á svæðisráðstefnu með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til heimsráð GSA-samtakanna.

Samþykkt með 6 atkvæðum af 6.

4. Skrifa undir nafnabreytingar.

Skrifað var aftur undir nýtt eyðublað vegna nafnabreytingar félagsins eftir endursendingu frá Ríkisskattstjóra.

5. Húsavíkurfundir – samræmast þeir GSA forminu.

Samþykkt með 6 atkvæðum af 6 að fjarlægja fundinn af fundarskrá heimasíðu GSA þar sem hún samræmist ekki GSA fundarforminu.

6. Gjaldkerastaða svæðisnefndar.

Minna þarf gjaldkera deilda á að leggja inn á svæðisnefnd það sem er afgangur í deildum og gjaldkeri svæðisnefndar tekur að sér að breyta tengilið á hýsingu heimasíðu.

7. Kosning varasvæðisnefndarfulltrúa (alþjóðafulltrúa).

Kosinn með samþykki 6 atkvæðum af 6.

8. Leyfismál frá Heimsráði GSA vegna þýðingar á Gráu síðunni.

Samþykkt með 6 atkvæðum af 6 að fá kostnaðaráætlun frá Heimsráði GSA vegna þýðingar á gráu síðunni og bjóða fram aðstoð við greiðslu þýðingar þar sem þeir sögðust ekki hafa fjármagn til þess.

9. Oddamaður fer yfir stöðu nefnda hjá deildartengilið.

Vefnefnd: Farið yfir uppflettingar á heimasíðu GSA samtakanna.

Útgáfunefnd: Deildarfulltrúatengiliður ekki mættur.

SOS nefnd: Verður kallað til fundar fljótlega. Erindi um að sinna göngudeild sykursjúkra á LSH kom frá fundarmanni.

10. Önnur mál.

Erindi frá GSA félagi: Að hafa Round up á sama tíma og afmælisfund. Samþykkt með 6 atkvæðum af 6 að halda Round up í byrjun árs í kringum 16 ára afmæli GSA. Mikilvægt að bjóða GSA félögum að taka þátt í undirbúningi og viðburði og kynna á fundum.

11. Dagsetning, tími og staður fyrir næsta fund ákveðinn.

Næsti fundur verður haldinn 13. október 2015 kl: 20:00.